

140. löggjafarþing 2011–2012.
Þingskjal 186 — 182. mál.

Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um ráðningar starfsmanna.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hversu margir starfsmenn hafa verið ráðnir til starfa, annarra en afleysinga, í ráðuneytinu án þess að starfið væri auglýst árin 2007–2011, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margir þessara starfsmanna eru nú starfandi í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.